

4. fundur skólaráðs skólaárið 2021-2022 - 18. maí 2022 kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálisdóttir, Sigurður Baldur Þorsteinsson, Heiða Björk Pétursdóttir og Ólína Helga Sigþórsdóttir

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

1. Mat á skólastarfi; kannanir, starfsmannasamtöl, innra mat og umbótaáætlun

Búið að leggja fyrir t.d. kannanir Skólapúlsins fyrir starfsfólk og foreldra. Lagðar verða fyrir kannanir fyrir nemendur á næsta skólaári. Einnig búið að halda ígrundunarfundi varðandi starfið í vetur, þær breytingar sem við höfum verið að þróa og ýmislegt fleira unnið varðandi innra mat skólans. M.a. kom Ingvar Sigurgeirsson og fór yfir innleiðingu teymiskennslunnar og hvernig það ferli hefur gengið fyrir sig. Þetta verður allt saman sett upp í skýrslu um innra mat og einnig unnin umbótaáætlun þar sem settir eru fram þeir þættir sem við teljum að þurfi að bæta eða við getum bætt enn frekar í skólastarfinu byggt á niðurstöðum þess mats sem fram hefur farið í vetur.

Stefnan var að hafa matið enn markvissara og reglulegra, út frá áætlun sem unnin var í fyrra, en hún var takmarkað notuð. Reynum annað hvort að bæta úr því á komandi skólaári, eða taka aðeins nýja stefnu og skoða sambærilega leið og Árskóli fer, svokallaða skoska leið, við innra mat og umbætur.

2. Skóladagatal og hópaskipting - skipulag skólastarfs

Skóladagatal lagt fram og samþykkt. Að mestu óbreytt en skipulagsdagar og viðtalsdagar samræmdir vetrarfríi að þessu sinni. Hugsanlegt að kennarar fari í námsferð í vetrarfríinu.

Hópaskipting: 3 hópar, skipt eftir stigum, teymiskennsla og aukin samvinna að öllu leyti. 1.-4. meira skipt en mið- og unglíngastigi. Skerpum skilin betur á yngsta stigi, sérstaklega með tilliti til 1. bekkjar og skólaaðlögunar þeirra.

Lagt upp með að halda áfram 35 stundum fyrir yngsta stigið.

Óbreytt stundaskrá og skipulag varðandi matarmál, hreyfistundir að morgni o.s.frv. - reyna að hafa meiri fjölbreytni í hreyfistundum.

Valgreinar með svipuðu sniði - 4 lotur með 7-8 skiptum í hverri lotu. Reyna að bjóða upp á fjölbreytt val við sem flestra hæfi. Prófa að bjóða t.d. 5.-8. bekk að velja annars vegar og 7.-10. bekk hins vegar, minnka aðeins bilið á milli yngstu og elstu í hverri grein. Ýmsar hugmyndir um val s.s. píla, rafvirkjun, Eurovision o.fl. sem þarf að skoða. Lögð var fyrir áhugakönnun fyrir nemendur sem nýtist við að skipuleggja valgreinarnar.

3. Starfsmannamál

Hermann Gunnar hættir um mánaðarmót. Breytingar á skipulagi starfanna þýða að tveir koma í staðinn. Björn Andri tekinn við íþróttamiðstöðinni og Stefán Hrafn kemur í húsvörslu og eignaumsjón. Mikil eftirsjá af Hermannni en við reiknum með góðu samstarfi við nýja menn og væntum mikils af þeim.

Sigríður Diljá hættir í vor, Oddný Jóhannsdóttir fer í leyfi og Oddný Halla hættir. Inga Raket verður áfram og þá er nokkurn veginn búið að ganga frá öðrum ráðningarmálum fyrir haustið. Nema varðandi skólaliða, þar er búið að auglýsa lausa stöðu og vonumst við eftir að fá góða manneskju í stað Oddnýjar Höllu, sem einnig verður mikil eftirsjá af.

4. Önnur mál

a. Framkvæmdir í vor/sumar

Farið í forstofu og salerni á efri hæð líkt og áður hefur komið fram. Verður gaman að sjá hvernig það kemur út. Byrjað nú í lok mánaðar og stefnt að því að ljúka fyrir haustið. Fleiri stórar framkvæmdir eru ekki áætlaðar á árinu.

b. Endurmenntunarsjóður

Fengum styrki fyrir tveimur verkefnum úr Endurmenntunarsjóði. Annars vegar til þess að halda áfram að innleiða teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti og njóta leiðsagnar Ingvars Sigurgeirssonar í þeim efnum. Hins vegar að innleiða svokallað Hugarfrelsi sem er tvískipt námskeið. Fyrri hluti fer fram í ágúst, en það er þriggja tíma námskeið þar sem farið er í öndun, jóga, slökun og hugleiðslu í skólastarfi. Seinni hluti verður svo í nóv. eða jan., en það er þriggja tíma námskeið þar sem fjallað verður um jákvæðni, styrkleika og tilfinningar skólabarna með það að markmiði að hjálpa kennurum að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda með því að vinna með styrkleika þeirra og ýta undir jákvæðni.

Fundi slitið kl. 14:35